

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1059

Dagsetning: 18. febrúar 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK) sat fundinn undir 1 til 5, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE) sat fundinn undir 1 til 5, Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Helga Sól Ólafsdóttir, leiðtogi félagsráðgjafa hjá HH, sat fundinn undir lið 3.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 11. febrúar 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Félagsráðgjafar hjá HH

Helga Sól Ólafsdóttir, leiðtogi félagsráðgjafa hjá HH, kom á fundinn til að ræða frekari ráðningar félagsráðgjafa hjá HH og launakjör stéttarinnar samanborið við aðrar stéttir. Mikill áhugi er hjá heilsugæslustöðvum sem ekki eru með félagsráðgjafa að ráða inn fólk úr stéttinni og áhugi hjá félagsráðgjöfum að koma til starfa hjá HH. Framkvæmdastjórn ákvað að láta vinna launagreiningu á stéttinni með samanburði við sambærilegar stéttir.

4. Rekstrargreining heilsugæslustöðva

Farið var yfir greiningu fjármálasviðs HH á rekstri allra heilsugæslustöðva stofnunarinnar. Greiningin verður kynnt á fundi svæðisstjóra.

5. Geðheilbrigðismál á heilsugæslustöðvum

Rætt var um yfirferð yfir stöðu geðheilbrigðisþjónustu á heilsugæslustöðvum í kjölfar heimsókna leiðtoga sálfræðinga á allar stöðvar HH. Áfram verður unnið að áætlun í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið um eflingu geðheilbrigðisþjónustu í nærumhverfi vegna vægs og miðlungs alvarlegs geðræns vanda barna og fullorðinna.

6. Stofnun ársins

Farið var yfir helstu niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins. Niðurstöðurnar verða kynntar betur fyrir framkvæmdastjórn fljótlega og fyrir stjórnendum starfseininga hjá HH á næsta svæðisstjórafundi.

Aðgerðir og verkefni

- Vinna þarf greiningu á launum félagsráðgjafa hjá HH og samanburð við sambærilegar stéttir, sjá lið 3.
Ábyrgð: SJ
- Kynna þarf rekstrargreiningu á fundi svæðisstjóra, sjá lið 4.
Ábyrgð: HP
- Vinna þarf áfram að áætlun um eflingu geðheilbrigðisþjónustu í nærumhverfi, sjá lið 5.
Ábyrgð: ÍDH
- Kynna þarf niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins fyrir svæðisstjórum og ítarlegar fyrir framkvæmdastjórn, sjá lið 6.
Ábyrgð: SJ

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:15